

## Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda var vel sóttur og tókst í alla staði vel. Mikið var fjallað um hratt vaxandi tækifæri á sviði nýtingar skógarins enda gengi krónunnar nú ákaflega hagstætt fyrir innlenda framleiðslu og sjálfsagt fyrir skógarbændur að nýta sér það. Fundargerð aðalfundarins mun birtast innan skamms á vef Landssamtakana (<http://skogarbaendur.net>). Meðal þess sem var ákveðið var að hefja stóráttak á sviði akurræktun jólatrjáa. Meðal þess sem stefnt er að er eftirfarandi:

- Myndaðir verða starfshópar vítt og breytt um landið með áhugasömum einstaklingum sem hyggja á ræktun jólatrjáa. Að lámarki þurfa að vera þrír ræktendur í hverjum hóp, en tíu að hámarki. Sá sem hyggur á þátttöku þarf að vera félagi innan Landssamtaka skógareigenda.
- LSE leggur til uppskrift að jólatrjáaræktun sem nær frá upphafsskipulagi allt að sölu á jólatrjám.
- Hvert og eitt verkefni nær til tólf ára. Hver starfshópur vinnur að sama markmiði, þ.e.a.s. að byggja upp atvinnugrein sem þróuð verður með samstilltu átaki þeirra sem stunda hana.
- LSE stendur fyrir árlegum ársfundi jólatrjáaræktenda. Á þeim fundi geta ræktendur borið saman bækur sínar auk þess sem boðið verður uppá fræðslu um ræktun jólatrjáa á þeim fundi.
- Leitað verði eftir stuðningi fagaðila um áætlanagerð, ráðgjöf og rannsóknir.

Verkefnið er í þróun og verður kynnt nánar síðar

**Stjórn Félags skógarbænda á Norðurlandi og starfsfólk  
Norðurlandsskóga þakka öllum skógarbændum samstarfið á árinu**

**HAMINGJAN GEFI YKKUR GLEÐILEG JÓL  
GLEÐI OG VERMI YKKUR MIÐVETRARSÓL  
BROSI YKKUR HIMINN HEIÐUR OG BLÁR  
OG HLÝLEGT YKKUR VERÐI HIÐ KOMANDI ÁR.**

## BJÖRKIN

Fréttabréf Félags skógarbænda á Norðurlandi,  
10. árg. 3.tbl. 2010. Ábyrgðarmaður: Anna Ragnarsdóttir

### Skógardagur 19. nóvember

Föstudaginn 19. nóvember kl. 13-16 munu Norðurlandsskógar standa fyrir kynningu á stauravinnslu úr nýgrisuðum lerkiskógi. Kynningin fer fram í Hálsaskógi í Glæsibæ utan við Akureyri. Ekið er niður hjá Hlíðarbæ og áfram að hliðinu að skóginum á móts við heimreiðina niður að Glæsibæ. Boðið verður upp á ketilkaffi að hætti skógarmanna. Skógarbændur og aðrir áhugamenn um skógrækt og úrvinnslu eru hvattir til að mæta.



Ferskir nýunnir lerkistaurar Hægt er að skoða myndbrot á heimasíðu Norðurlandsskóga sem sýnir hvernig vinnslan fer fram.

## Grisjun lerkiskóga

Grisjun ungsjógar er ört vaxandi þáttur í starfsemi bænda á Norðurlandi. Bergsveinn og Brynjar hafa undanfarnar vikur gert nokkrar athuganir á nýtingu ungra lerkiskóga til stauraframleiðslu. Fyrir grisjunina er skógurinn mældur upp og þéttleiki, stærð og gæði trjánna metin. Mælingarnar eru síðan endurteknar eftir grisjunina til að meta árangur grisjunarinnar á skógargæðin og taldir staurar sem skógurinn gefur af sér. Öllum vinnutímum í hvern verkþátt er haldið til haga þannig að sjá má hversu langan tíma tekur að grisja hvern ha lands og hvað tekur langan tíma að sækja staurana út í skóginn og vinna þá.

Lerkið er áhugavert sem girðingastauraefni vegna þess að kjarnaviðurinn í bolnum inniheldur náttúrulega fúavörn og hentar því miklu betur til notkunar utandyra en flestar aðrar trjategundir. Eftir því sem trén verða eldri eykst hlutfall kjarnans í viðnum.




Svo virðist sem lerkiskógur á aldursbilinu 16-19 ára sé afar heppilegur til stauravinnslu en á þeim aldri er einmitt tímabært að grisja lerkið hafi skógurinn verið gróðursettur sæmlega þéttur eða um 2500 tré/ha. Við grisjunina fækkar trjánnum niður í 1200-1300 tré/ha og hlutfall stórra og beinvaxinna trjáa hækkar. Þannig færast skógarvöxturinn í framtíðinni yfir á færri tré af meiri gæðum og við næstu grisjun hentar betur að grisja með stórvirkum vinnuvélum.

Föstudaginn 19.nóvember í Glæsibæ gefst skógarbændum tækifæri á að skoða nýgrisjaðan lerkiskóg og sjá hvernig stauravinnslan fer fram. Sérstök vél til að vinna staurana (afberkja og ydda) verður á staðnum og hér er um einstakt tækifæri að ræða fyrir skógarbændur til að kynna sér þessa mikilvægu afurð fyrstu grisjunar lerkiskóganna enda styttest mjög í stór verkefni á þessu sviði hjá flestum skógarbændum.

## Úttekt á lifun sumarið 2010

Eins og síðustu sumur var gerð úttekt á lifun plantna sem voru gróðursettar árið áður svo í ár voru skoðaðar gróðursetningar frá árinu 2009. Mælingin fór þannig fram að allar lifandi plöntur í 100 m<sup>2</sup> hringfleti voru taldar á fyrirfram völdum punktum og reynt að meta hvort einhverjar plöntur væru dauðar og horfnar. Í ár lentu 61 punktur í skráðri gróðursetningu en þegar komið var á staðinn reyndust aðeins 30 lenda í svæði sem raunverulega hafði verið gróðursett í. Helstu niðurstöður úttektarinnar leiðir í ljós að meðal lifun í mæliflötunum 30 er 85% og meðal þéttleiki við gróðursetningu er 2300 plöntur/ha. Þetta er fjórða árið sem Norðurlandsskógar meta árgamlar gróðursetningar og hefur lifunin verið nokkuð stöðug milli 82% og 86%. Æskilegt er að koma þessari prósentu hærra upp því vitað er að afföllin halda áfram í nokkur ár eftir gróðursetningu. Það verður aðeins gert með því móti að allir sem koma að skógræktinni vandi til verka. Skógræktaráætlunin þarf að veita góðar upplýsingar um jarðvinnslu, plöntutegund og plöntugerð svo plönturnar geti þrífist á þeim stað sem þær eru gróðursettar, plöntuframleiðandinn þarf að framleiða fyrsta flokks plöntur og skógarbóndinn þarf að vanda til gróðursetninga. Með samstilltu átaki allra þessara aðila má koma lifun yfir 90% sem ætti hiklaust að vera markmið okkar allra.



Myndin sýnir lifun í prósentum ári eftir gróðursetningu og 95% vikmörk. Í súlunum má sjá fjölda mæliflata sem skoðaðir voru hvert ár.